
FUNDARGERÐ

Fundur:	74. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Miðvikudagur 28. mars 2001, kl. 13:30-15:00
Fundarstaður:	Orkuveita Reykjavíkur, Grensásvegi 1
Fundarefni:	1) Nýir þátttakendur í START hópnum. 2) Breytingar á skráningu vegna Nordel krafa. 3) Gögn ársins 2000 (og 1999). 4) Nýtt skráningarkerfi. 5) Skráning hjá smærri veitum. 6) Kostnaðarskipting með tilkomu nýrra aðila. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:	Egill Sigmundsson Ólafur Pálsson Rúnar Svavar Svavarsson
Landsvirkjun:	Helga Jóhannsdóttir
Rafmagnsveitur ríkisins:	Steingrímur Jónsson
Rafveita Hafnarfjarðar:	Guðmundur Steinn Guðmundsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

- 1) JV sagðist hafa sent fundarboð til nýrra þátttakenda í starfinu en það eru Bæjarveitur Vestmannaeyja, Rafveita Sauðárkróks og Selfossveitur. Enginn þeirra mætti núna og því var frestað frekari umræðu um þátttöku þeirra.
- 2) JV sagði að í lok síðustu viku hefði komið nýtt form til að skrá inn upplýsingar fyrir Nordel en þá var búið að fylla inn í eldra form. Hann dreifði eldra formi með gögnum síðasta árs og nýja forminu. Gert hafði verið ráð fyrir að engar truflanir væri hjá Hitaveitu Suðurnesja og Rarik sem ættu heima í Nordel gögnunum þar sem gögn væru ekki komin frá þeim. ES sagði að það væri ein truflun hjá þeim og ætlar hann að senda þá skýrslu til JV. SF sagði að engin truflun væri hjá Rarik. Einingafjöldi er óbreyttur hjá þessum tveimur aðilum. Ákveðið var að sleppa að fylla út í töflu 8.6, 8.8 og 8.9 þar sem gögn vantar hjá okkur nú. Varðandi SAFI, SAIDI og CAIDI stuðlana var ákveðið að miða við

fjölda afhendingarstaða eins og gert er í skýrslu Landsvirkjunar. Einnig var ákveðið að gera það varðandi næstu töflu. JV sagðist ætla að reyna að vera komin með þessi gögn í lok næstu viku og mun hann þá senda þau til nefndarmanna. Gögnin munu þá koma einni viku of seint til Nordel og ætlar HJó að láta vita af því.

- 3) JV sagðist vera búinn að fá gögn fyrir árið 2000 frá Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Orkubúi Vestfjarða og Norðurorku. Ekki eru komin gögn frá Rarik og HS og vantar einnig gögn fyrir 1999. ES sagðist vera að ganga frá gögnum 1999 og varðandi gögn fyrir 2000 væri búíð að skrá truflanir í dreifikerfinu en eftir væri að skrá eitthvað í Svartsengi. SJ sagði að búíð væri að skrá allar skýrslur en vandamál væri við útreikning á skerðingu. Hann stefnir að því að skila gögnum um miðjan næsta mánuð, þ.e. eftir páska.
- 4) JV sagðist hafa sett upp nýtt skráningarkerfi hjá Landsvirkjun fyrir rúmum mánuði síðan og var hugmyndin að þeir mundu prófa það rækilega áður enn aðrar veitur fengju kerfið. Ekki eru komnar neinar athugasemdir frá Landsvirkjun og sagði HJó að dregist hefði að hefja skráningu inn í nýja kerfið en byrjað hefði verið á því síðustu daga. Ákveðið var að útbúa handbók um nýju skráninguna og byggja á nýjustu útgáfu af Nordel leiðbeiningum sem HJó sagði að ættu að vera orðnar nokkuð endanlegar fyrir utan dæmi. JV var falið að útbúa handbókina. Dreifiveiturnar ætla að bíða með að fá nýja skráningarkerfið uns handbók er tilbúin og Landsvirkjun er búin að prófa kerfið vel. JV sagði að þeir sem vildu gætu komið til sín og skoða nýja kerfið.
- 5) JV nefndi að fyrir smæstu veiturnar væri það óþarfa fyrirhöfn að setja upp Oracle grunn fyrir skráninguna og að halda utanum slíkt kerfi. Hann sagðist geta sett gagnagrunn utan eldsveggs hjá sér þannig að veiturnar hefðu aðgang að honum og gætu þá fengið skráningarforritið hjá sér ef þær væru með sitengingu við Internetið. JV ætlar að áætla kostnað til að veiturnar geti séð hvort þetta sé áhugavert en greiða þarf leyfisgjöld fyrir slíkt og setja þarf grunninn upp á sérstakri vél.
- 6) JV sagði að hingað til hefði verið einföld kostnaðarskipting milli þátttakenda en spurning væri hver ætti að vera hlutdeild nýrra aðila. Einnig eru veitur að sameinast og þá spurning hvaða áhrif það hefur á kostnaðarskiptingu. JV benti á skiptingu hjá raforkuhópi Orkusparnefndar þar sem hún byggist á orkusölu. JV var falið að koma með tillögu. Hópurinn var sammála um að bjóða nýjum aðilum að fá skráningarkerfið eins og það er nú án greiðslu.

- 7) HJó sagði að GIÁ hefði hug á að hætta í hópnum og SJ sagði að líklega hefði PEP einnig hug á því. JV benti á að huga þyrfti að því hvernig nýtt skipulag raforkumála hefði áhrif á skipulag þessa starfs.

Fleira ekki gert. Næsti fundur í lok mái 2001. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Eyðublöð frá Nordel með gögnum síðasta árs, gömlu blöðin. (JV)
Ný eyðublöð frá Nordel. (JV)